



Reykjavíkurborg

Alþingi
Erindi nr. P 143/510
komudagur 3.12.2013

Reykjavík, 3. desember 2013
R13110206
175
BBS/ES

Atvinnuveganefnd Alþingis
Alþingishúsið við Austurvöll
150 Reykjavík

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um Orkuveitu Reykjavíkur, 178. mál, þingskjal 218

Vísað er til tölvupósts atvinnuveganefndar, dags. 22. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um Orkuveitu Reykjavíkur, 178. mál, þingskjal 218.

Reykjavíkurborg er stærsti eigandi Orkuveitu Reykjavíkur og nemur eignarhlutur sveitarfélagsins í fyrirtækinu 93,539%. Þar af leiðandi hefur Reykjavíkurborg ríka hagsmuni af niðurstöðu þessa máls. Krafa um uppskiptingu fyrirtækisins sem kemur fram með raforkulögum nr. 65/2003, með síðari breytingum, gengur lengra en raforkutilskipanir Evrópusambandsins (2003/54/EB og 2009/78/EB) um þetta efni mæla fyrir um. Megintilgangur tilskipananna er að bæta hag neytenda og stuðla að samkeppni sem á að tryggja neytendum hagkvæmt orkuverð. Mikil samlegðaráhrif eru í dag í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur og við það að skipta fyrirtækinu upp mun koma til stofnkostnaðar og aukins rekstrarkostnaðar sem að öðru óbreyttu gæti leitt til hærra orkuverðs og þannig gengið í berhögg við markmið tilskipananna. Þá liggur fyrir að slík lögþvinguð uppskipting getur valdið óvissu um viðbrögð lánveitenda Orkuveitu Reykjavíkur og leitt til þess að fyrirtækið verði fyrir auknum kostnaði í framtíðarlánsfjármögnun.

Af þessum sökum hafa eigendur fyrirtækisins lagt áherslu á að löggjafinn tryggi fyrirtækinu og eigendum þess skaðleysi af uppskiptingunni eftir því sem framast er unnt. Þess vegna hefur verið óskað eftir því að Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélögum þess verði tryggt (a) nýting á uppsöfnuðu skattalegu tapi Orkuveitu Reykjavíkur, (b) að uppskiptingin leiði ekki til skattskyldu fyrirtækisins eða dótturfélaga þess, (c) að samsköttun uppskiptrar samstæðu verði tryggð og (d) að samkeppnisfélaginu (virkjun og sala) verði heimilt að nota bandaríkjadal sem starfrækslugjaldmiðil, að uppfylltum öðrum lagaskilyrðum.

Í fyrirliggjandi lagafrumvarpi hefur verið gætt að öllum framangreindum atriðum sem hér hafa verið talin upp til að stuðla að skaðleysi Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga þess af uppskiptingunni, að undanskildum framangreindum d-lið. Reykjavíkurborg leggur því mikla áherslu á að háttvirt atvinnuveganefnd styðji frumvarpið í heild sinni en að nefndin leggi jafnframt lóð sín á vogarskálarnar þannig að tryggt verði að samkeppnisfélagið megi nota bandaríkjadal sem starfrækslugjaldmiðil frá og með stofnun félagsins í janúar 2014.

F.h. Reykjavíkurborgar

Birgir Björn Sigurjónsson

Ebba Schram